

EFNISYFIRLIT

Markmið	2
Umfang	2
Ábyrgð	2
Stefna	3
TR er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga	3
Lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga hjá TR	3
Hvenær vinnur TR með persónuupplýsingar?	4
Frá hverjum aflar TR persónuupplýsinga?	5
Hvaða persónuupplýsinga aflar TR?	5
Réttindi einstaklinga	7
Persónuverndarfulltrúi TR	7
Upplýsingaöryggi	8
Samfélagsmiðlar	8

MARKMIÐ

Að tryggja lögmæta, sanngjarna, og gagnsæja meðferð allra persónuupplýsinga. Persónuupplýsinga er einungis aflað í skýrt tilgreindum tilgangi og vinnsla þeirra takmörkuð við það sem er nauðsynlegt. Þá skulu upplýsingarnar vera áreiðanlegar, uppfærðar eftir þörfum og varðveittar á öruggan hátt. Verja þarf allar persónuupplýsingar í vörslu TR og umboð fyrir innri og ytri ógnum, hvort sem þær stafa af ásetningi eða gáleysi. Í því sambandi er einnig vísað til [STE-549 - Upplýsingaöryggisstefnu TR](#).

Framkvæmd stefnunnar er mikilvæg til að fullvissa stjórnvöld, viðskiptavinum, starfsfólk og samstarfsaðila um að TR stjórnir með ábyrgum hætti öryggi og vernd persónuupplýsinga í vörslu sinni. TR starfar að öllu leyti í samræmi við lög og reglur um persónuvernd.

UMFANG

Persónuverndar skal gæta við meðferð persónuupplýsinga í allri starfsemi stofnunarinnar og þjónustu sem TR veitir, hvort sem það er við vinnu vegna þeirra sjálfra, tölulegra upplýsinga eða faglegra úttekta. Persónuverndarsjónarmið skulu höfð í huga í öllum tölvukerfum og hugbúnaði í eigu TR eða sem TR vinnur með.

Persónuverndar skal gæta við öflun og miðlun upplýsinga til samstarfsaðila og fagaðila eftir öruggum rafrænum leiðum.

ÁBYRGÐ

Forstjóri, persónuverndarfulltrúi, gæðastjóri, upplýsingaöryggisstjóri, sviðsstjórar og sýslumenn (sem umboðsaðilar TR) sjá til þess að persónuverndarstefnu sé fylgt.

Starfsfólk TR og umboða, verktökum og þjónustuaðilum ber að vinna samkvæmt persónuverndarstefnunni. Þeim ber að gæta trúnaðar við vinnslu persónuupplýsinga og meðhöndla þær með lögmætum og ábyrgum hætti, fylgja því verklagi sem innleitt hefur verið í tengslum við persónuvernd og upplýsingaöryggi, þ.m.t. tilkynna um öryggisbresti án tafar og leitast við að takmarka það tjón sem TR og viðskiptavinir geta orðið fyrir verði brot á lögum og reglum um persónuvernd.

Stjórnendur TR stuðla að því að þessari stefnu sé framfylgt með ráðstöfunum í samræmi við störf og ábyrgð viðkomandi starfsfólks, verktaka og þjónustuaðila.

STEFNA

- Að persónuupplýsinga sé einungis aflað, þær geymdar og unnið með þær teljist það nauðsynlegt til að uppfylla skilyrði laga sem TR er falið að framfylgja.
- Að vernda persónuupplýsingar viðskiptavina TR á skipulegan hátt.
- Að vernda viðkvæmar heilsufarslegar persónuupplýsingar enn frekar, þannig að aðgangi að þeim sé stjórnað með sérstökum aðgangsstýringum. Aðgangsstýringar eru þannig að enginn geti haft aðgang að persónuupplýsingum nema þeir sem þurfa það beint vinnu sinnar vegna.
- Að tryggja vernd, réttleika, gagnsæi og aðgengi einstaklinga að eigin gögnum og upplýsingum í vörslu TR.
- Að tryggja að persónuupplýsingar berist ekki óviðkomandi.
- Að stuðla að virkri persónuverndarvitund starfsfólks, samstarfsaðila, viðskiptavina og gesta.

TR ER ÁBYRGÐARAÐILI AÐ VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

TR er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer af hálfu stofnunarinnar.

TR vinnur með ýmsum þjónustuaðilum m.a. vegna skyldu sinnar sem framkvæmdaraðili lífeyristrygginga almannatrygginga, upplýsingaöryggis og birtingar gagna í stafrænu pósthólfi stjórnvalda. Gerðir eru vinnslusamningar við viðkomandi vinnsluaðila ef við á. Gerðar eru ríkar kröfur til vinnsluaðila um að þeir uppfylli skilyrði persónuverndarreglna og tryggi áreiðanleika persónuupplýsinga með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum öryggisráðstöfunum.

LAGAGRUNDVÖLLUR FYRIR VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA HJÁ TR

Vinnsla persónuupplýsinga er forsenda þess að TR geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Almennt er ekki hægt að óska eftir því að vera undaþeginn slíkri vinnslu. Helstu lög sem TR starfar eftir eru:

- Lög um almannatryggingar, nr. 100/2007.
- Lög um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.
- Lög um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020.
- Lög um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlegra fatlaðra barna, nr. 22/2006.
- Lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999.
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.
- Lög um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, nr. 40/2009.
- Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.
- Stjórnsýslulög, nr. 37/1993.

HVENÆR VINNUR TR MEÐ PERSÓNUUPPLÝSINGAR?

TR vinnur með persónuupplýsingar eingöngu í þeim tilgangi að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Ber að afla persónuupplýsinga með stafrænum hætti eða á annan hátt frá ýmsum aðilum, bæði einkaaðilum og opinberum aðilum, til að mynda þegar:

- Viðkomandi sækir um réttindi eða greiðslur, sendir fyrirspurn eða önnur erindi.
- Viðkomandi hefur óskað eftir aðgangi að gögnum samkvæmt stjórnsýslulögum, upplýsingalögum eða persónuverndarlögum.
- Viðkomandi hefur skráð sig á málþing/kynningu á vegum TR.
- Viðkomandi svarar könnunum á vegum TR.
- Viðkomandi hefur sótt um starf eða starfsnám hjá TR.
- Við heimsókn á og samþykkt á notkun vefkaka á vefsíðu TR á island.is.
- Vegna vinnslu upplýsinga í tengslum við samhæfingarteymi
 - Í þeim tilgangi að tryggja samfellu, framgang og heildstæða nálgun í þjónustu á sviði endurhæfingar getur Tryggingastofnun ákveðið að vísa máli þínu til samhæfingarteymis sem í sitja fulltrúar þjónustuaðila og Tryggingastofnunar. Þjónustuaðilar eru VIRK starfsendurhæfingarsjóður, félagsþjónusta sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, sjúkrahús og heilsugæslur. Ákveði Tryggingastofnun að vísa máli þínu til samhæfingarteymis ber stofnunin ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga sem verða til á eða í tengslum við fundi teymisins og þú verður upplýst/ur um það og gefinn kostur á að hafna þjónustu teymisins.
- Vegna vinnslu í tengslum við þjónustugátt
 - Tryggingastofnun getur sótt tilteknar viðkvæmar persónuupplýsingar til þjónustuaðila í gegnum þjónustugátt, t.a.m. endurhæfingarvottorð, læknisvottorð, upplýsingar um framfærslu og staðfestingar. Tryggingastofnun varðveitir tímabundið í skrám lýsigögn um þær persónuupplýsingar sem miðlað er um þjónustugátt. Með lýsigögnum er átt við gögn sem vísa til annarra upplýsinga en tilgreina ekki innihald þeirra.
- Rafræn vöktun og hljóðritun símtala
 - Rafræn vöktun fer fram með öryggismyndavélum í þjónustumiðstöð TR. Símtöl kunna að vera hljóðrituð og samskipti skráð. Upplýst er um hljóðritun símtala í upphafi símtals. Önnur rafræn vöktun getur falist í aðgerðum innskráðra notenda og auðkenningar.
 - Tilgangur rafrænnar vöktunar er til að tryggja öryggi og eignavörslu og lágmarka áhættu á svikum. Efni sem verður til við rafræna vöktun er varðveitt í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Sjá nánar á tr.is/voktun.

FRÁ HVERJUM AFLAR TR PERSÓNUUPPLÝSINGA?

TR hefur skyldu til að afla persónuupplýsinga á grundvelli þeirra laga sem stofnunin starfar eftir. TR aflar sem dæmi persónuupplýsinga frá eftirfarandi aðilum:

- Hinum skráða, t.d. þegar viðkomandi sendir inn umsókn, fyrirspurn, ábendingu eða önnur erindi eða tekur þátt í könnunum á vegum TR.
- Lífeyrissjóðum.
- Þjónustuaðilum sem veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu í því skyni að stuðla að samfellu í greiðslum hjá þeim einstaklingum sem þurfa þjónustu fleiri en eins aðila.
- Þjónustuaðilar eru TR, Vinnumálastofnun, VIRK Starfsendurhæfingarsjóður, sveitarfélög og veitendur heilsugæsluþjónustu og félagsþjónustu um allt land.
- TR sækir einnig upplýsingar frá öðrum ríkisstofnunum, s.s. skattyfirvöldum, , Þjóðskrá Íslands, sýslumönnum, Fangelsismálastofnun, Útlendingastofnun, ríkislögreglustjóra, Samgöngustofu, sjúkrastofnunum, dvalar- og hjúkrunarheimilum, sveitarfélögum, viðurkenndum ábyrgðaraðilum endurhæfingaráætlana, Menntasjóði námsmanna, viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis, skólum á háskólastigi og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
- Erlendum systurstofnunum TR.

HVAÐA PERSÓNUUPPLÝSINGA AFLAR TR?

TR safnar og vinnur ýmsar tegundir persónuupplýsinga um viðskiptavini og umboðsmenn þeirra, hafi einstaklingur falið öðrum að eiga samskipti við stofnunina.

Vinnsla persónuupplýsinga getur t.a.m. varðað:

- Auðkenni einstaklinga, t.d. nafn, kennitölu, kyn og ríkisborgararétt.
- Búsetustað, pósthfang, heimilisfang, netfang, símanúmer og leigusamninga.
- Upplýsingar um búsetu á Íslandi og tryggingatímabil.
- Tengsl við aðra á grundvelli fjölskyldunúmers, s.s. nánustu ættingja/foreldra, hjúskaparstöðu, maka, fyrrum maka og börn.
- Upplýsingar tengdar börnum, s.s. búseta, skólavist, ættleiðing barns og upplýsingar um andlát foreldris.
- Fjárhagslegar upplýsingar, t.d. um tekjur, eignir og skuldir.
- Viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. heilsufarsupplýsingar, þjóðerni, aðild að stéttarfélagi.
- Upplýsingar um félagslegar aðstæður

- Upplýsingar um sakavottorð vegna starfsumsóknna.
- Upplýsingar úr ökutækjaskrá, s.s. upplýsingar um bifreiðaeign og ökuréttindi.
- Upplýsingar um úrskurði og dóma, s.s. úrskurði um meðlagsgreiðslur, faðernisviðurkenningarmál og upplýsingar um gæslu- eða refsivist.

TR vinnur einnig upplýsingar um starfsfólk og umsækjendur um störf:

- Tilteknar upplýsingar eru nauðsynlegar til að geta greitt laun, s.s. tengiliðaupplýsingar, launaflokkur, tímaskráningar, skattþrep, stéttarfélagsaðild, bankaupplýsingar, lífeyrissjóðsupplýsingar og skuldir við innheimtumann ríkissjóðs. Einnig eru aðgerðir starfsmanna í málaskrá stofnunarinnar skráðar í aðgerðaskrá. Aðrar upplýsingar eru tengdar starfslýsingu starfsmanns.
- Tilteknar upplýsingar eru nauðsynlegar við mat umsókna, s.s. tengiliðaupplýsingar, ferilskrá, kynningarbréf, upplýsingar um menntun, niðurstöður úr ráðningarviðtölum, umsagnir þriðja aðila og önnur samskipti við umsækjendur.

Vinnsla persónuupplýsinga felur m.a. í sér að TR safnar, skráir, geymir, eyðir, afhendir og samkeyrir upplýsingar. TR leitast við að skrá aðeins þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna vinnslu þeirra verkefna sem TR er falið lögum samkvæmt.

NOTKUN Á SJÁLFVIRKRI GAGNAVINNSLU OG ÁKVARÐANATÖKU

Við ákveðnar aðstæður nýtir TR sjálfvirka ákvarðanatöku til þess að flýta fyrir afgreiðslu og bæta þjónustu. Sjálfvirk ákvarðanatöku felst í því að upplýsingatæknikerfi vinna gögn með sjálfvirkum hætti á grundvelli fyrirfram ákveðinna forsenda og er niðurstöðunni miðlað til starfsfólks eða beint til einstaklinga.

TR nýtir sjálfvirka ákvarðanatöku við ákveðna þætti gagnavinnslu, einkum í eftirfarandi tilgangi:

- **Gagnaprófun:** Til að prófa og meta gögn með það að markmiði að tryggja nákvæmni og skilvirkni.
- **Við útreikning réttinda:** Til að reikna út réttindi einstaklinga, að því gefnu að skilyrði fyrir þeim séu uppfyllt, til dæmis vegna bóta eða annarra greiðslna.

Það skal áréttað að sjálfvirk ákvarðanatöku hjá Tryggingastofnun er aldrei notuð til að synja einstaklingum um réttindi. Ef sjálfvirk vinnsla leiðir til neikvæðrar niðurstöðu er ákvörðun aldrei tekin án mannlegrar íhlutunar og yfirferðar.

Ef sjálfvirk gagnaprófun gefur til kynna að skilyrði séu uppfyllt, getur starfsmaður TR tekið stjórnvaldsákvörðun eftir að hafa skoðað forsendur sem koma úr sjálfvirkum gagnaprófunum.

RÉTTINDI EINSTAKLINGA

Samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni hafa einstaklingar ákveðin réttindi, t.a.m. að vita hvaða persónuupplýsingar TR vinnur með um þá og að fá aðgang að þeim.

Einstaklingar eiga alltaf rétt á að fá mannlega íhlutun óski þeir þess, koma sjónarmiðum sínum á framfæri, fá útskýringu á ákvörðun og andmæla henni.

Hægt er að óska eftir að nýta réttindin með því að senda beiðni á netfangið personuvernd@tr.is eða senda erindi til TR með öðrum hætti.

TR hefur allt að einn mánuð til að svara slíkum erindum en hægt er að framlengja frestinn um tvo mánuði sé beiðnin sérstaklega umfangsmikil.

Ef einstaklingar telja að TR hafi ekki unnið með lögmætum hætti með persónuupplýsingar sínar er hægt að senda kvörtun til Persónuverndar.

PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI TR

Persónuverndarfulltrúi TR hefur eftirlit með því að farið sé að gildandi lögum og reglum um persónuvernd. Fyrirspurnum, athugasemdum eða ábendingum sem varða vinnslu persónuupplýsinga er hægt að beina til persónuverndarfulltrúa með því að senda póst á netfangið personuvernd@tr.is. Einnig er hægt að senda bréfpóst og skal umslagið þá merkt til persónuverndarfulltrúa.

UPPLÝSINGAÖRYGGI

TR tryggir vernd persónuupplýsinga með stjórnkerfi upplýsingaöryggis í samræmi við reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

TR hefur sett sér upplýsingaöryggisstefnu ([STE-549 - Upplýsingaöryggisstefnu TR.](#)), gert áhættumat og viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi kerfa stofnunarinnar.

SAMFÉLAGSMÍÐLAR

TR á Facebook

- TR notar samskiptaforritið Facebook í þeim tilgangi að auðvelda upplýsingagjöf til almennings.
- Ef einstaklingar nota Facebook síðu TR til að koma ábendingum á framfæri til TR þarf að hafa í huga að þeim upplýsingum er einnig deilt með Facebook.

TR á Instagram

- TR notar samskiptaforritið Instagram í þeim tilgangi að auðvelda upplýsingagjöf til almennings.
- Ef einstaklingar nota Instagram síðu TR til að koma ábendingum á framfæri til TR þarf að hafa í huga að þeim upplýsingum er einnig deilt með Instagram.

TR á YouTube

- TR notar YouTube til þess að miðla fræðslumyndböndum til almennings. Hægt er að skrá sig sem **áskrifanda** og getur TR þá séð notendanafn viðkomandi en vistar það ekki.

TR á LinkedIn

- TR notar samskiptaforritið LinkedIn í þeim tilgangi að auðvelda upplýsingagjöf til almennings og auglýsa störf í boði hjá stofnuninni.
- Ef einstaklingar notar LinkedIn síðu TR til að koma ábendingum á framfæri til TR þarf að hafa í huga að þeim upplýsingum er einnig deilt með LinkedIn.